

Ár 1974, þriðjudaginn 3. desember, var í málinu nr. 56/1973 kveðinn upp af Yfirfasteignamatshnefnd svohljóðandi

Ú R S K U R Ð U R :

Málavextir eru þeir, að í árslok 1973 óskaði Búnaðarfélag Hálshrepps eftir endurskoðun á fasteignamati ræktunarlands tilgreindra jarða í nefndum hreppi. Bændir félagið meðal annars á, að í aðalmati fasteigna hafi verið höfð hliðsjón af verulegum kalskeiðum, en það sjónarmið eigi ekki við lengur. Einnfremur hefur félagið veitt upplýsingar um ýmis gögn, sem ljóst er, að koma að miklu gagni við endurskoðun mats. Mál þetta hefur verið til meðferðar hjá fasteignamati ríkisins og millimatsmönnum, sem í hlut eiga.

Fyrir liggur, að verðmæti ræktaðs lands hefur tekið verulegum/almennum <sup>almennum</sup> drá aðalmati fasteigna, sem víða um land er meðal annars að rekja til þess, að úr kalskeiðum hefur dregið. Eftir atvikum telur Yfirfasteignamatshnefnd rétt, að taka ofangreinda beiðni Búnaðarfélags Hálshrepps til meðferðar við heildar- endurskoðun fasteignamats, sem fyrir dyrum stendur samkvæmt 20. gr. laga nr. 28/1963 um fasteignamat og fasteignaskráningu eða nýjum lagaákvæðum, sem sett kunna að verða.

Ú R S K U R Ð A R Ð Ö R Ð :

Framangreind beiðni verður tekin til meðferðar við heildar- endurskoðun á mati fasteigna.

Eaukur Jörundsson

Torfi Ágeirsson

Pálmi Jónsson